

Reykjavík, 14. mars 2019

Efni: Umsagnabeiðni nr. 10569

Frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda, 255. mál - þskj 273

Ný dögun, stuðningur í sorg er félag sem stofnað var 1987 sem „samtök um sorg og sorgarviðbrögð“. Tilgangur félagsins frá upphafi er að styðja syrgjendur og þá sem vinna að velferð þeirra. Félagið fagnar fram komnu frumvarpi á þskj. 273 og veitir hér með umsögn, almenns eðlis, um efni þess.

Börn og alvarleg veikindi foreldris.

Það er reynsla Nýrrar dögunar af starfi með syrgjendum að fullorðnir aðstandendur eigi oft nóg með sig við að takast á við alvarleg veikindi í fjölskyldum og hafi ekki styrk til að upplýsa, styðja eða hjálpa barni sem á alvarlega veikt foreldri. Börn þurfa að fá *upplýsingar, stuðning og hjálp* til að skilja hvað alvarleg veikindi foreldris geta þýtt, fyrir þau sjálf. Í nágrannalöndum okkar eru lagaákvæði sem tryggja rétt barna í slíkum aðstæðum.

Ný dögun telur að verði frumvarpið að lögum, náist mikilvæg réttarbót í íslensku samfélagi fyrir börn sem aðstandendur alvarlega veikra foreldra.

Börn og andlát foreldris.

Talið er að um 60-70 börn missi foreldri árlega (Anna Rós Jóhannesdóttir, yfirfélagsráðgjafi á Landspítalanum í viðtali á RÚV 30. okt. 2018), en þau eru líklega fleiri (vantar tölfr.uppl.). Gera má ráð fyrir að *flest andlát* foreldris verði í kjölfar veikinda. Verði frumvarpið að lögum þá eiga börn í slíkum aðstæðum að hafa fengið *upplýsingar, stuðning og hjálp* frá spítala í veikindaferlinu og eiga þar með að vera undir það búin að takast á við veikindin og sorgina við andlát foreldris.

Börn sem missa foreldri skyndilega eru hins vegar *óundirbúin* og andlátið ríður yfir eins og högg, sem óhjákvæmilega fylgir mikið áfall fyrir alla aðstandendur. Því er *afar mikilvægt* að tryggja öruggt verklag innan heilsugæslu og skóla, til stuðnings barns í slíkum tilfellum.

Ný dögun telur að skerpa megi á þeim afar mikilvæga þætti í frumvarpinu sem lýtur að verklagi við skyndilegt andlát foreldris.

Umgengni við aðra nána vandamenn þegar annar / báðir foreldrar barns eru dánir.

Þegar foreldri deyr á barn sjálfstæðan og siðferðilegan rétt á reglubundinni umgengni og samvistum við nána vandamenn og skyldmenni hins látna foreldris. Upprunatengslin og ræktun þeirra er einn af grunnþáttum Mannréttindasáttmála Sp. Frumvarpið skyldar sýslumann til að kanna tengsl barns við nána vandamenn látins foreldris og til að leiðbeina um rétt barns. *Ný dögun telur að verði frumvarpið að lögum, náist mikilvæg réttarbót í íslensku samfélagi hvað varðar umgengnisrétt barna við nána vandamenn látins foreldris.*

Virðingarfyllst,

K. Hulda Guðmundsdóttir form., Birna D. Jónasdóttir og Steinunn Sigurbórsdóttir í stjórn.